

Afgreiðslufundur

Ár 2025 miðvikudaginn 23. apríl, kl. 09:00 var haldinn 1827. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Aron Jóhannsson, Snæfríður Halldórsdóttir, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, dags. 26. mars 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; mötuneyti (Mötuneyti Seðlabanka Íslands) að Kalkofnsvegi 1, F2002961, rými 03 0103. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Intrepidus ehf., kt. 630424-0540, dags. 10. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús (Cafe bar Tíminn) að Borgartúni 29, F2009407, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Hagabakarís ehf., kt. 470611-0300, dags. 16. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir bakarí (Hagabakarí) að Hraunbergi 4, F2263327, rými 01 0104. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Poloborgar ehf., kt. 591017-0630, dags. 21. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir söluturn (Polo) að Hraunbæ 121, F2265099, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Gaja ehf., kt. 470515-0660, dags. 4. mars 2025 um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Klambrar Bistro) að Flókagötu 24, F2012276, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. febrúar 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 18. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Gaja ehf., kt. 470515-0660, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Klambrar Bistro) að Flókagötu 24, F2012276, rými 01 0101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lögð fram umsókn Bílson ehf., kt. 421184-0979, dags. 18. mars 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir starfsemi smurstöðvar, bifreiða- og vélaverkstæðis og handvirkar bónstöðvar (Bílson) að Kletthálsi 9, F2261034, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar, Starfskilyrðum fyrir bifreiða og vélaverkstæði og Starfskilyrðum fyrir bón- og bílaþvottastöð.*

Fundi slitið kl. 09:14

Tómas Guðberg Gíslason

Aron Jóhannsson

Snæfríður Halldórsdóttir